



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Nám og störf (NAS1A01) **Háskólabrú**

Áfangalýsing

Fyrsta vika námsins er undirbúningsvika fyrir nýnema. Nemendur fá kynningu og leiðsögn á því, hvernig er að hefja nám eftir langt hlé. Farið verður yfir skipulagningu námsins, námstækni, álag, tímastjórnun o.þ.h. og námsráðgjafi mun kynna þá þjónustu sem hann mun veita. Einnig verður nemendum kennt á kennslukerfið. Þá verður nemendum sýnt hvernig má skipuleggja tölvur sínar með tilliti til náms og kennarar kynna námsefni annarinnar. Eins verður lögð áhersla á hópefli meðal nemenda, því mikilvægt er að þeir kynnist og verði þéttur hópur öflugra nemenda sem stefna öll að sama markmiði.

Þrep

Áfanginn er á 1. þrepi.

Einingafjöldi

1 framhaldsskólæining (feining).

Lokamarkmið áfangans

Nemendur skulu

- kunna að skipuleggja tölvur sínar
- þekkja kennslukerfið
- vera tilbúnir að takast á við krefjandi aðfararnám fyrir háskólastig
- þekkja helstu kröfur skólans og kennara
- vera málkunnug öðrum nemendum innan deildarinnar.